

Saurbær

Ari Gíslason skráði.

Jörð í Kjalarneshreppi næst norðan Ártúns inn með Hvalfirði. Upplýsingar eru frá Ólafi Eyjólfssyni í Saurbæ og Sigurði Heiðdal í Reykjavík.

Árið 1703 er talað hér um afbýli Litla-Saurbæ og Stekkjarkot. Jörðinni tilheyrir einnig norðurhluti Blikdals, og hefst lýsing þessi inni í botni hans.

Blikdalur (1) (alltaf kallaður Bleikdalur í daglegu tali) liggur inn í fjallgarðinn frá vestri og stefnir aðeins sunnar en austur, Eftir honum kemur á sú, sem Blikdalsá (2) heitir (alltaf sagt Bleikdalsá) og er hér fyrst á merkjum móti Brautarholtslandi. Áin var alltaf kölluð Ártúnsá (2a) í daglegu tali, einkum neðst. Efst í dalbotninum eru í ánni þrjár fossar. Ekki eru kunn nöfn þeirra. Fremst í botni er fönn sú, sem heitir Kjötfönn (3). Þessi fönn þiðnar aldrei og er því jökull; hún er þar upp í kvos. Gunnlaugsskarð (4) er norður af. Þar er örstutt yfir í Meðalfellsdal í Kjós. Neðan við skarðið er hóll, sem nefndur er Fosshóll (5), en hann mun draga nafn af Fossum (6), sem eru fyrrnefndir. Ofar er Kjötfönnin. Vestur af Gunnlaugsskarði er alllangt fell slétt með smágiljum, sem heitir Kistufell (7). Heiman við það er lítill dalur, sem heitir Leynisdalur (8). Eftir honum er Leynisdalsá (9).

Þegar kemur vestur fyrir Leynisdalsá, fer að fjölga þeim kennileitum, sem hafa nöfn. Fjallið þar uppaf heitir Selfjall (10). Þegar farið var vestan við Selfjall og norður fyrir það er hæð á vinstri hönd, þ.e. efsti tindur Melahnúksins. Þar var kallað milli fjalla (10a). Niðri í dalnum næst utan við ána eru Stórhæðir (11). Þetta eru smáhæðir, er ná niður að Blikdalsá en meðfram ánni eru Stórhæðaflatar (12). Í Blikdalsá er þar foss, sem heitir Stórhæðafoss (13). Aðeins neðar og frá ánni talið frá fossinum heitir Holusel (14), og annað sel er utar, sem aðeins heitir Sel (14a), Við Holusel sér aðeins fyrir gömlum tóftum, en hitt selið er það, sem síðast var notað. Síðasta kona Matthíasar Jochumssonar var selráðskona í þessu seli, sem heitir Saurbæjarsel (15).

Svo höldum við heim eftir dalnum. Þá taka við Bolagilsblettir (16), og þar heimar er svo Bolagil (17). Heiman við það eru ekki nöfn fyrr en skammt neðar Heygil (18), sem fer niður í Heygilsgljúfur (19), sem þar eru inn með ánni. Utar uppi í brekku er eitt gil enn. Það heitir Mörgil (20). Þar fundu þeir Ólafur og Sigurður mörstykki;

tvær kindur hafði fennt þar og skírði Sigurður gilið. Áður var það óskírt. Úr þessu gili er lækur.

Uppfrá, uppi í brúnum, er fyrst Dýjadalur (21) heiman við Selfjall upp frá Heygili á ská út eftir. Þar utar, utan við dalinn, er Dýjadalshnúkur (22) (svo). Enn utar er hnúkur, sem heitir Melahnúkur (23), Milli þessara hnúka í dalnum eru Hestabrekkur (24). Melahnúkur er hæstur á brún, upp af Melahverfinu, er síðar getur. Niður af Hestabrekkum og heldur innar er Skjólgarðsmýri (24a) heldur neðar en Mörgilið. Undan Melahnúk nokkuð ofarlega er Berjahóll (25). Svo er þar lækur, sem heitir Selgil (26) og fellur niður í Blikdalsá. Þar við gilið eða neðst í því er Selgilsbolli (27). Niður með ánni neðan við Skjólgarðsmýri er Fagrabrekka (28). Þar í ánni er Dýrafoss (29), heitir svo af því að hann er sléttur og eins og sjái í hurð, (Sig Heiðd.). Bergplötur sitt hvoru megin mynda dyr. Næst er Litlagil (30), og neðar er svo það, sem kallað er Hálsinn (31), hér fyrir ofan. Milli fjallsins hér upp af, sem heitir Lokur, og Hálsins er mýrarstykki, sem heitir Mýrdalur (32). Í honum er laut. Þá er Blikdalur búinn.

Utan við dalinn er í ánni Mannskaðafoss (33). Hann er nokkuð fyrir ofan bæinn að Ártúnum. Norður frá Ártúnsbæ er dalur í hlíðinni, sem heitir Skolladalur (34), og eftir honum rennur Skolladalslækur (35). Vestan þessa dals eru klettur, sem nefndir eru Borgir (36). Skolladalslækur rennur niður hjá Dalsmynni. Fjallið hér upp og innaf heitir Lokur (37) eða frekar Lokufjall (37a). Lautir liggja upp fjallið, sem eru grasivaxnar og nefndar Lokur (37b). Heita þær Norðurloka (38), sem er graslítill. Norðan hennar heitir Blettur (39), og hjalli er neðan og norðan Lokunnar, sem heitir Nautahjalli (40). Suður og uppaf Nautahjalla uppi í klettunum er fráskilið stykki sem nefnt er Plata (41), (Sig. þ. ekki). Næst sunnan hennar heitir Miðloka (42). Sunnan hennar heitir Söðull (43). Þar sunnar er svo syðsta lokan, en hún heitir Dagmálabrekka (44). Þar suður af eru svo standar, sem heita Borgir. Þá teljum við búið ofan við veginn.

Þá er að byrja aftur neðan vegar, og þá skulum við fara innst og nyrzt og byrja í svonefndu Tíðaskarði (44a), sem er neðanvert við Nautahjalla. Neðan þess er Tíðaskarðshnúkur (45), einnig nefndur Skarðhóll (45a). Neðan við skarðið er svo mýri sú, sem heitir Skarðmýri (46), en hún er í svonefndum Skarðásum (47). Þar suður landið neðan vegar, þar sem landið fer að halla niður, er allmikill ásaklasi, sem nefndur er heildarnafni Ásar (48). Niður af ásunum ofan við Móholt, er síðar getur, er Botnabarð (49). Efstu ásarnir upp af bæ heita Fjánhúsásar (50). Svo eru klettaásar og sund á milli þeirra. Næstur suður af Skarðásum í sömu hæðarröð, í miðjum ásum er Réttarás (51). Utan hans nokkuð í líkri hæð

heitir Torfás (52), og þar aðeins utar er Móás (53), en hann stefnir ekki alveg eins. Enn sunnar en heldur ofar er einn ás, Fjánhúsás (54), og ofan hans og milli ásanna eru næst Skurðakrókar (55). Austan þeirra og nær Grafarás í Ártúnslandi er Móholt (56). Við endann á Fjánhúsás er allmikil mýri, sem heitir Grænhólmýri (57). Í henni er hóll, Grænhóll (58). Austast í þessari mýri er bærinn Dalsmynni. Norður frá honum vestur af Fjánhúsás er stakur Stekkjjarás (59). Að lokum er svo neðsti ásinn og næsti bær Stöðulás (60).

Þá er það aftur neðsta röðin, og byrjum við nú norðan frá aftur. Nokkuð norðan við bæ við sjó eru nokkuð háir hamrar, sem heita Selvíkurbjörg (61). Þau eru sunnan við vík þá, sem Selvík heitir og er í Hjarðarneslandi. Austur frá henni er allmikið mýraflæmi, sem heitir Norðurmýri (62), og nær hún austur að Móholti, sem er vestan undir Botnabörðum, er fyrr gat. Norðan við túnið var Skipagróf (63). Þar var uppsátur. Svo var Litli-Saurbær (64) þar næst útfrá, og þar fram af var Litla-Saurbæjarsker (65). Upp frá Skipagróf norðan við Litla-Saurbæ er nefnt Norðurjaðar (66), og þar utar er hæsti bakkinn nefndur Hjálmur (67). Þar fram af er sker, Hjálmsker (68), og sunnan við bakkann gengur inn lægð, sem heitir Hjálmsgil (69). Suður af Hjálmi niður að sjó er annar bakki, sem heitir Harðhaus (70). Þar var kvos, sem nú er búið að fylla, en þessi kvos hét Bolli (71). Þá er Hofmannaföt (72), þar nær rétt við læk upp af Litla-Saurbæ. Það var áður þýfðasti hluti túnsins. Næst sunnan þessa alls er Hólatúnsgil (73), sem rennur niður milli Litla-Saurbæjartúns og Hólatúns.

Hólatún (74) er næst sunnan við gilið á sjávarbakkanum, en þar ofar einnig sunnan gilsins er Fjósakrókur (75). Þá er Jónsvöllur (76), en næst sunnan hans og ofan við bæinn er Kirkjustykki (77) sunnan við kirkjuna, og neðst í því er Kirkjugil (78). Neðst í því er Hanaklettur (79), er nær fram í sjó þar norðan. Fram að sjó er Kattargjá (80) móts við bæinn, og þar frammi í sjó er Hleinin (81). Suður af Kirkjugili er Miðvöllur (82) niður að sjó og Lambhúsvöllur (83), þar uppaf. Svo er Akragil (84) og Akratunga (85) og Akrar (86) heitir sjávarbakkinn. Utar er Akragarður (87). Það hefur verið sáðreitur. Fram undan þessu er svo Kolalón (88), og hér uppi heitir túnið utast Suðurjaðar (89).

Næst með sjó er Stekkjarkotsbjarg (90), og þar hjá sker, sem heitir Stekkjarkotssker (91). Þar uppaf er Stekkjarkot (92) í eyði, og sunnan þess er lækur, sem kemur ofan úr flóa og heitir Stekkjarkotslækur (93). Þetta mun vera framhaldið af Skolladalslæk, er fyrr getur. Kattargjain fyrr nefnda er í Klöpp (93a). Upp í Stekkjarkotsbjarginu er Bolabás (94). Suður af Stekkjarkotslæknum með sjó er næst Stekkur (95). Þar við sjóinn er Lambagróf (96) (Sig. þ. ekki nú) (eða Glámsgróf (96a)) (Sig. þ. ekki nú). Svo eru tvær smágrófir, sem heita Trégrófir (97), (Sig. þ. ekki) og þar

næst er Stóragróf (98). Er þá komið að merkjum móti Ártúni. Suður frá Stekkjarkoti heitir mýrin Stekkjarkotsmýri (99). Þess skal lokum geta, að býlið Dalsmynni er byggt úr Saurbæjarlandi og er talið hér með.

Yfirfarið 19/ 9 1967 með Sigurði Heiðdal. Nokkrar lagfæringar gerðar.

Þór Magnússon.

Aths. við Kjötfönn (3).

Fönnin heitir svo, vegna þess, að einu sinni skipaði karl, sem bjó í Saurbæ, strákum að reka stóð að Esjubergi. Er þeir komu að Gunnlaugsskarði hröpuðu hrossin niður hlíðarnar og á fönnina og drápuð mörg. Skrokkar og kettægjur lágu þar lengi og Sigurður Heiðdal sá sjálfur hrossbein á þessum stað í ungdæmi sínu.

Þór Magnússon

Aths. við Kjötfönn (kettfönn) (3).

Sú sögn er til um nafn hennar, að í þá tíð, er höfðingjar bjuggu í Saurbæ, hafi verið þar danskur bryti. Hafi hann geymt kjöt í fönninni, fryst það þar og síðan hagnýtt eftir þörfum. Fönnin hafi hlotið nafn sitt af því.

Sögn Bjarna Þorvarðssonar á Bakka

Aths. við Mannskaðafoss (33):

Sigurður heyrði þá sögu um Mannskaðafoss í ungdæmi sínu, að einu sinni hefði

maður verið á ferð með klyfjahest tæpa götu norðan í gilinu við fossinn. Þá hallaðist á hestinum og ætlaði maðurinn að lága á en er hann kippti í baggann, sem vissi að gilinu, slitnaði silinn og maðurinn hrapaði niður í gilið og fossinn ásamt bagganum og fórst þar.

Þ[ór] M[agnússon].

Athugasemd frá Guðjóni Sigurjónssyni.

Hrútdalur (100) liggur frá suðurdalnum á Bleikdal upp undir Kambshorn, frá Ártúnsá, en í hana fellur Hrútdalsá eftir Hrútdal.

Klettur eru norður af honum, en næstum slétt suður af. Háihnúkur (101) er e.t.v. í Bleikdal.

29. desember 1967

S[vavar] S[igmundsson].

Stafrófsskrá örnefna

Akragarður 87	Kjötfönn 3
Akragil 84	Kirkjugil 78
Akrar 86	Kirkjustykki 77
Akratunga 85	Kistufell 7
Ártúnsá 2a	Klöpp 93a
Ásar 48	Kolalón 88
Berjahóll 25	Lambhúsvöllur 83
Blettur 39	Lambagróf 96
Blikdalsá 2	Leynisdalsá 9
Blikdalur 1	Leynisdalur 8
Bolabás 94	Litlagil 30
Bolagil 17	Litla-Saurbæjarsker 65
Bolagilsblettir 16	Litli-Saurbær 64
Bolli 71	Lokufjall 37a
Borgir 36	Lokur 37
Botnabarð 49	Lokur 37b
Dagmálabrekka 44	Melahnúkur 23
Dýrafoss 29	Miðvöllur 82
Dýjadalur 21	Milli fjalla 10a
Dýjadalshnúkur 22	Móás 53
Fagrabrekka 28	Mannskaðafoss 33
Fosshóll 5	Miðloka 42
Fossar 6	Móholt 56
Fjánhúsás 54	Mýrdalur 32
Fjánhúsásar 50	Mörgil 20
Fjósakrókur 75	Nautahjalli 40
Glámsgróf 96a	Norðurjaðar 66
Grænhóll 58	Norðurloka 38
Grænhólsmýri 57	Norðurmýri 62
Gunnlaugsskarð 4	Plata 41
Háihnúkur 101	Réttarás 51
Hálsinn 31	Saurbæjarsel 15
Hanaklettur 79	Saurbæjarsker litla 65
Hestabrekkur 24	Saurbær litli 64
Heygil 18	Sel 14a
Heygilsgljúfur 19	Selfjall 10
Holusel 14	Selgil 26
Harðhaus 70	Selgilsbolli 27
Hjálmsgil 69	Selvíkurbjörg 61 (S.H.)
Hjálmsker 68	Skarðásar 47
Hjálmur 67	Skarðhóll 45a
Hlein 81	Skarðmýri 46
Hofmannaföt 72	Skipagróf 63
Hólatún 74	Skjólgarðsmýri 24a
Hólatúnsgil 73	Skolladalslækur 35
Hrútdalur 100	Skolladalur 34
Jónsvöllur 76	Skurðakrókar 55 (S.H.)
Kattargjá 80	Stekkjarsás 59
Ketfönn 3	Stekkjarkot 92

Stekkjarkotsbjarg 90
Stekkjarkotslækur 93
Stekkjarkotsmýri 99
Stekkjarkotssker 91
Stekkur 95
Stóragróf 98
Stórhæðaflatir 12
Stórhæðafoss 13
Stórhæðir 11
Stöðulás 60
Suðurjaðar 89
Söðull 43
Tíðaskarð 44a
Tíðaskarðshnúkur 45
Torfás 52
Trégrófir 97